

Nd.

348. Frumvarp til mjólkurlaga.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Páll Zóphóniasson, Emil Jónsson.

1. gr.

Mjólkurbú þau eða mjólkursamlög, er starfa vilja og öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum, skulu senda umsóknir sínar hér að lútandi til landbúnaðarráðherra. Lætur hann þá framkvæma ýtarlega skoðun á þessum stofnunum. Ef þau fullnægja þar til settum kröfum, skal landbúnaðarráðherra viðurkenna þau og löggilda. Jafnframt skal hann hafa eftirlit með rekstri þeirra eftir að þau hafa fengið löggildingu. Ráðherra getur einnig svipt mjólkurbú löggildingu og þeim réttindum, er lög þessi veita. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

2. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í svæði, sem nefnast verðjöfnunarsvæði. Að jafnaði markar sú aðstaða verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra, enda sé kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Við ákvörðun verðjöfnunarsvæðis

skal taka tillit til þess, hvaða mjólkurbú hafi notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum. Störf þessi skal landbúnaðarráðherra fela sérstakri nefnd, er nefnist mjólkurmálanefnd (sbr. 16. gr.). Skal hún kveða á um stærð hvers verðjöfnunarsvæðis, svo og á hverjum tíma um takmörk sölusvæðis eða sölusvæða fyrir hvert verðjöfnunarsvæði, enda fáist þar til samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem liggja innan ákveðins verðjöfnunarsvæðis, og þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum eða samsölum þeirra, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, er heimilt að leggja sérstakt gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, á alla neytlumjólk og rjóma, sem selt er, hvort heldur frá mjólkurbúum, fólögum eða einstökum mönnum. Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, þó aldrei meira en allt að 8%, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar eða kauptúns, sem hún er seld í, sbr. þó 6. gr. 2. málsg. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

4. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Þá skal geyma í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað. Verðjöfnunargjaldið skal greitt fyrir einn mánuð í senn, eftir á við lok hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar.

Verðjöfnunargjaldinu skal verja til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu. Verðuppbæturnar mega vera misháar, eftir því hvaða vörur hafa verið unnar úr mjólkinni.

5. gr.

Ef mjólkurframleiðendur á einhverju verðjöfnunarsvæði koma sér saman um, að framleiðendum skuli greitt ákveðið verð fyrir mjólkina, mismunandi eftir fjarlægð þeirra frá aðalsölusvæðinu, með eða án ákveðinna hlutfalla á sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurvara, þá getur landbúnaðarráðherra gefið þeim heimild til þess að láta verðjöfnunargjaldið falla niður á viðkomandi verðjöfnunarsvæði.

6. gr.

Þar, sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neytlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 3. gr. 2. málsg. Þeir, sem söluna annast, nefnast sölustjórn.

Sölustjórn getur, með samþykki mjólkurmálanefndar, leyft þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir mynda félag um að afhenda alla sölumjólk sína til viðkomandi samsölu og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 3. gr., eða hvort þeir selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni fullt verðjöfnunargjald. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú.

Þeim, sem leyft verður að selja mjólk sína beint til neytenda, er skylt að hlita þeim fyrirætlum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem sett verða í reglugerð, er mjólkurmálanefnd semur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Ef mjólkurframleiðandi, sem leyfi hefir til beinnar sölu til neytenda, þykir misbeita þeirri heimild sinni eða nota hana gagnstætt tilgangi þessara laga, þá getur mjólkurmálanefnd, eftir tillögum sölustjórnar, svipt þennan mjólkurframleiðanda áður fengnu söluleyfi.

7. gr.

Öllum öðrum en hlutaðeigandi mjólkurbúum eða samsölum þeirra, sbr. 6. gr., er óheimilt að selja mjólk, rjóma eða skyr í þeim kaupstað eða kaupstöðum, sem starfs- og söluréttur þeirra nær til. Sölustjórn getur þó veitt leyfi til þess að dreifa þar mjólk sem gjöfum, eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns, þygi henni sérstök ástæða til. Sömuleiðis er framleiðanda ætíð heimilt að taka í þarfir heimilis síns til neyzlu mjólk þá, er hann framleiðir á heimilinu, og er sú mjólk undanþegin gerilsneyðingarskyldu.

8. gr.

Skylt er mjólkurbúum og samsölum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, sem sölu- og dreifingarréttur þeirra nær til, svo framarlega sem framleiðsla er fyrir hendi, nema um óviðráðanlegar sölutruflanir sé að ræða vegna samgönguhindrana eða annars slíks.

Öll mjólk og rjómi, sem mjólkurbú og samsölur annast sölu á samkvæmt þessum lögum, skal vera gerilsneydd af viðurkenndum mjólkurbúum, þó með þeim takmörkunum, að heimilt sé að selja í lokuðum flöskum ógerilsneydda mjólk, sem framleidd er undir sérstöku eftirliti, en skylt er að hlita ákvæðum reglugerðar, er sett verður um þessi efni í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Hið sama gildir um framleiðslu og sölu barnamjólkur. Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður í samráði við stjórn heilbrigðismálanna um framleiðslu barnamjólkur. Heimilt er landbúnaðarráðherra að gera það að skilyrði fyrir löggildingu og starfsemi mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi, og getur ráðherra ákveðið hámark þess.

9. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal við móttöku metin eftir gæðum og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal meðal annars taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni.

Nánari ákvæði um þetta skal setja með reglugerð; þar skal og taka fram um gæði allrar þeirrar mjólkur, sem seld er til neyzlu.

10. gr.

Mjólkurbú, sem starfa á sama verðjöfnunarsvæði og löggilt verða samkvæmt lögum þessum, skulu, eftir því sem við verður komið og samþykki einstakra framleiðenda fæst til, haga starfi sínu og skiptingu félagssvæða svo, að sem mestrar hagsýni verði gætt um flutning mjólkur til búanna og annars tilkostnaðar.

Eigi má að jafnaði löggilda mjólkurbú á félagssvæði annars, sem áður hefir hlotið löggilding, nema því aðeins, að hið fyrra geti ekki veitt viðtöku öllu því mjólkurmagni, sem því býðst á svæðinu, eða aðrar jafngildar ástæður komi til.

Mjólkursölufélög samkv. 6. gr. 2. málsg. mega ekki vera fleiri en eitt innan sama sölusvæðis. Sölustjórn svæðisins gerir, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að meðlimir þeirra félaga fái mjólk sína gerilsneydda eða unna í því mjólkurbú, sem næst er eða bezt liggur við.

11. gr.

Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eða félag framleiðenda eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði (sbr. 6. gr. 1. málsg.), skal mynda fulltrúaráð mjólkurframleiðenda. Þátttakendur í myndun þess fulltrúaráðs eru öll samvinnufélög mjólkurframleiðenda, sem starfrækja löggilt mjólkurbú innan verðjöfnunarsvæðisins, svo og mjólkursölufélög samkv. 6. gr. 2. málsg.

Fulltrúaráðið skal mynda þannig, að viðkomandi félag kjósa árlega, í fyrsta sinn innan mánaðar frá gildistöku þessara laga, en síðan fyrir 1. apríl ár hvert, úr sínum hópi tvo fulltrúa fyrir fyrstu 50 félagsmenn sína, og auk þess einn fulltrúa fyrir hverja 50 félagsmenn, sem umfram eru, og skal miða við tölu starfandi félagsmanna.

Á lögmætum fundi fulltrúaráðs skal það kjósa úr sínum hópi til eins árs í senn fimm manna framkvæmdastjórn, sem annast skal rekstur viðkomandi samsölu. Við kosningu stjórnarinnar skal viðhafa hlutfallskosningu, ef fulltrúar tveggja félaga óska þess. Fulltrúaráðið hefir yfirumsjón með starfi sölustjórnar og getur sett benni starfsreglur.

Formaður stjórnarinnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðs. Sölustjórn skal gera fulltrúaráðinu grein fyrir störfum sínum. Kostnaður við störf sölustjórnar, þar með talin þóknun til stjórnarmanna, skal talinn með rekstrar-kostnaði viðkomandi samsölu.

Meðlimir fulltrúaráðsins skulu fá þóknun frá þeim aðilum, sem kosið hafa þá til starfsins.

12. gr.

Störf og skyldur sölustjórna eru aðallega þessi:

1. Að hafa með höndum sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurvara á sölusvæðum verðjöfnunarsvæðanna og annast allar þær skyldur, sem samsölum mjólkurbúa er falið að gegna samkv. lögum þessum.
2. Að annast innheimtu verðjöfnunargjalds og útteilingu þess samkv. fyrir-mælum þessara laga.

3. Að ákveða verðuppbætur á vinnslumjólk, eftir því hverjar vörur eru unnar úr henni.
4. Að ákveða hlutdeild hvers mjólkurbús eða framleiðendafélags í sölu mjólkur og mjólkurafurða á sölusvæðum verðjöfnunarsvæðisins.
5. Að kosta kapps um, að vandað sé til allrar framleiðslu og meðferðar á mjólk og mjólkurvörum á viðkomandi verðjöfnunarsvæði.
6. Að hafa eftirlit með reikningsfærslu mjólkurbúanna og samræma hana hjá öllum hlutaðeigendum.

13. gr.

Nú telur félag mjólkurframleiðenda, að ráðstafanir sölustjórnar séu hlutdrægar eða geti valdið fjárhagslegu tjóni fyrir félagið eða einstaka meðlimi þess, og getur þá almennur félagsfundur, með samþykki $\frac{3}{4}$ atkvæðishærra félagsmanna, eða fulltrúafundur með sama atkvæðamagni hlutfallslega, óskað þess, að mjólkurmálanefnd leggi úrskurð á málið, og er sölustjórn skylt að hlíta þeim úrskurði. Skylt er mjólkurmálanefnd að leita umsagnar viðkomandi sölustjórnar áður en úrskurður er felldur.

14. gr.

Útsöluverð á mjólk og mjólkurvörum á hverju sölusvæði innan verðjöfnunarsvæðisins skal ákveðið af fimm manna verðlagsdómi, er skipaður sé í hvert skipti er ný verðlagning á að fara fram.

Tveir dómendur skulu vera fyrir hlutaðeigandi mjólkurhú eða samsölu, og tilnefnir með hlutfallskosningu af fulltrúaráðsfundi, tveir tilnefndir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamann skipar landbúnaðarráðherra.

Ný verðlagning skal fram fara hvenær sem $\frac{2}{5}$ hlutar viðkomandi fulltrúaráðs eða $\frac{2}{5}$ hlutar viðkomandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar óska þess. Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölu.

15. gr.

Öllum mjólkurframleiðendum og félögum mjólkurframleiðenda er óheimilt að flytja eða selja mjólk eða mjólkurvörur inn á sölusvæði annars verðjöfnunarsvæðis en þeir eru á. Hér er þó undanskilin sala á osti, fullverkuðu síru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

Ef mjólk og mjólkurvörur þarf að flytja til sölu frá einu verðjöfnunarsvæði yfir á sölusvæði annars verðjöfnunarsvæðis, vegna skorts á þessum vörum, þá skal ekki greiða verðjöfnunargjald af þeim á útsölastaðnum, ef sannað er, að það sé greitt á framleiðslusvæðinu.

16. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd og jafnmarga til vara, til eins árs í senn, í fyrsta skipti þegar lög þessi öðlast gildi, til þess að hafa á hendi yfirstjórn allra mjólkurmála í landinu samkv. lögum þessum, og nefnist hún mjólkurmálanefnd. Nefndin skal skipuð þannig:

Fulltrúaráð mjólkurframleiðenda á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar tilnefnir með hlutfallskosningu tvo menn í nefndina, Samband íslenskra samvinnufélaga tilnefnir einn mann, bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir einn mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir einn mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar tvo menn, og skipar hann annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur vikur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi, tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti sótt fundi þar, þegar þörf krefur.

Þóknun til mjólkurmálanefndar sé greidd af mjólkurbúum og samsölum, í hlutfalli við það starf, sem nefndin vinnur fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Þóknunin sé ekki hærri en 10 kr. til hvers nefndarmanns fyrir hvern dag, sem hann er á nefndarfundi. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðilum og í sömu hlutföllum.

17. gr.

Störf mjólkurmálanefndar eru aðallega þessi:

1. Að gera tillögur til landbúnaðarráðherra viðkomandi byggingu nýrra mjólkurbúa, löggildingu mjólkurhúa samkvæmt þessum lögum og um brottfall löggildingar. Nefndin skal og gera tillögur um skiptingu félagssvæða mjólkurbúanna og beita sér fyrir því, að fyllstu hagsýni og sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra.
2. Að ákveða á hverjum tíma verðjöfnunarsvæðin, sölusvæði hvers verðjöfnunarsvæðis og takmörk þeirra.
3. Að ákveða verðjöfnunargjald og hafa yfirumsjón með innheimtu þess, svo og yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og skiptingu þeirra, ef aðilar hafa ekki komið sér saman um verðupphæturnar.
4. Að hafa yfirumsjón með skipulagningu á hverju verðjöfnunarsvæði, svo og hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur og að gera um deiluatríði samkv. 13. gr.
5. Að ákveða á hverjum tíma heildsöluverð á ostum og smjöri, sem framleitt er og selt í landinu.
6. Að beita sér fyrir aukinni sölu mjólkurafurða í landinu og veita mjólkurbúum aðstoð til hagkvæms útflutnings á mjólkurvörum, þegar þörf gerist.
7. Innflutningur erlendra mjólkurvara skal ekki leyfður nema með samþykki mjólkurmálanefndar. Hún skal og vinna á móti innflutningi erlendra mjólkurvara og notkun þeirra á íslenskum skipum.

18. gr.

Skýlt er mjólkurbúum og öllum öðrum, er verzla með mjólk og mjólkurvörur, að láta mjólkurmálanefnd í té upplýsingar og skýrslur um rekstur sinn og vörubirgðir á hverjum tíma og allt, er nefndinni þykir máli skipta um með-

ferð, flutning og sölu mjólkur og mjólkurvara. Sama rétt hafa sölustjórnir, hver á sínum stað.

19. gr.

Samsölur þær, sem starfræktar eru samkvæmt lögum þessum, fara með störf sín fyrir hönd, á ábyrgð og í umboði félaga þeirra, sem að samsölu standa, og eru því ekki útsvarsskyldar, nema að því leyti sem þær kunna að selja vörur, sem óskyldar eru mjólkurafurðum.

20. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um framkvæmd laga þessara og starfsemi mjólkurmálanefndar.

21. gr.

Öllum öðrum en þeim, sem sérleyfi hafa til sölu á mjólk, rjóma og skyri samkv. lögum þessum, er bannað að selja eða dreifa mjólk, rjóma eða skyri inn á sölusvæði nokkurs verðjöfnunarsvæðis.

Ef vörur þessar eru af óleyfilegum aðilum fluttar inn á sölusvæði, eða ef þær finnast í bátum, skipum, bifreiðum eða á öðrum flutningatækjum svo nærri sölusvæði, eða á leið til sölusvæðis, að telja má sannað, að átt hafi að flytja vörurnar inn á svæðið, þá skulu þessar vörur gerðar upptækar, og sá, er flutninginn annast, eða aðrir, sem meðsekir reynast, skulu teljast brotlegir samkv. 1. málsg. þessarar greinar.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 10 kr. og allt að 10000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektir, svo og andvirði upptækrar vöru, renna í verðjöfnunarsjóð þess svæðis, sem brotið er framið á.

23. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkv. þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1936. Frá þeim tíma eru úr gildi felld lög nr. 1 frá 7. janúar 1935, um meðferð og sölu mjólkur, rjóma o. fl., og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði um stundarsakir.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal landbúnaðarráðherra, svo fljótt sem verða má, láta kalla saman fyrsta fulltrúafund mjólkurframleiðenda á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þar skal tilnefna tvo menn í mjólkurmálanefnd, svo og kjósa stjórn fyrir samsölu viðkomandi mjólkurbúa, og skal hún síðan taka við störfum samkvæmt þessum lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er skipuð var til að endurskoða lög nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., snemma á þessu ári. Frumvarpið er flutt eftir heiðni landbúnaðarráðherra, sem er samþykktur því í aðalatriðunum. Flutningsmenn hafa ekki tekið afstöðu til einstakra atriða frumvarpsins.

Með frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá nefndinni:

„Nefnd sú, sem skipuð var með bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 16. jan. þ. á., til þess að endurskoða lög nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., hefir nú lokið störfum sínum, og leyfir nefndin sér að senda hinu háa ráðuneyti hér með tillögur sínar í frumvarpsformi ásamt eftirfarandi athugasemdum nefndarinnar í heild og einstakra nefndarmanna.

Í nefndina voru skipaðir:

Jónas Kristjánsson mjólkurbússtjóri, Akureyri.

Ólafur Bjarnason, bóndi í Brautarholti.

Þorvaldur Ólafsson, bóndi í Arnarbæli.

Sigurgrímur Jónsson, bóndi í Holti.

Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu.

Ingimar Jónsson skólastjóri, Reykjavík.

Jónas Kristjánsson var skipaður formaður nefndarinnar, en hún valdi sér ritara Þorvald Ólafsson.

Nefndin skrifaði mjólkursölunefnd og öllum mjólkurbúum og framleiðendafélögum á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og leitaði um-sagnar þeirra um það, hverjar breytingar þessir aðilar teldu nauðsynlegt, að gerðar yrðu á núgildandi mjólkurlöggjöf. Ennfremur voru mjólkurbú og framleiðendafélög á sama svæði spurð um tölu starfandi félagsmanna og samanlagt mjólkurmagn þeirra síðastliðið ár. Flestir aðilar svöruðu þessum fyrirspurnum nefndarinnar að nokkru eða öllu leyti.

Ástæðurnar til þess, að þau lög voru samþykkt, sem nefndinni hefir nú verið falið að endurskoða, voru þær, að mjólkurframleiðslan var í hröðum vexti á þeim tíma, og svo er enn. Mönnum var ljóst, að skipulagslaus sala mjólkur og mjólkurvara hlaut að orsaka óeðlilegt og skaðlegt verðfall, einkum á stærsta framleiðslu- og sölusvæði landsins, sem var suðvesturhluti þess með Reykjavík og Hafnarfirði sem sameiginlegu sölusvæði.

Einstaklingar og félög mjólkurframleiðenda á þessu svæði höfðu reynt að mynda samtök sín á milli með það fyrir augum að vernda markaðinn og skipuleggja söluna. Þessar tilraunir náðu ekki þeim árangri, sem til var ætlað. Framleiðendur voru margir og mismunandi sambentir, og ýmsir þeirra þóttust bera skarðan hlut frá borði.

Endanleg lausn þessa máls varð sú, sem kunnugt er, að sett voru fyrst bráðabirgðalög og síðan lög um sölu mjólkur, rjóma o. fl.

Tilgangur þessara laga var:

1. Að hindra óhæfilegt verðfall á mjólk og mjólkurvörum í kaupstöðum landsins, og þá sérstaklega Reykjavík.

2. Að lækka sölu- og dreifingarkostnað mjólkur og mjólkurvöru með skipulagningu.
3. Að láta það fé, sem þannig vannst, verða bæði framleiðendum og neytendum til hagsbóta.
4. Að bæta framleiðslu mjólkur og mjólkurvara og koma á hagkvæmari verkskiptingu á milli mjólkurbúanna, báðum aðilum til umbóta og gagns.

Þetta var stórt og umfangsmikið ætlunarverk.

Bráðabirgðalögin um mjólkursölu voru sett 10. sept. 1934, en núgildandi lög 7. janúar 1935, og hafa því verið í framkvæmd í rúmlega eitt ár.

Við framkvæmd þessara laga hafa komið í ljós ýmsir byrjunarörðugleikar, sem að verulegu leyti hafa stafað af því, að menn hafa ekki verið sammála um lögin og framkvæmd þeirra.

Þær athuganir, sem gerðar hafa verið á rekstrarafkomu mjólkursamsölnunnar í Reykjavík eftir fyrsta starfsár hennar og framkvæmdar voru af sjö manna nefnd, sem kjörin var til þess af þeim félögum, er að samsölnunni hafa staðið, virðast gefa til kynna, samkvæmt meðfylgjandi álitsgerð nefndarinnar, að sölu- og dreifingarkostnaður mjólkurinnar hefir orðið 4,15 aurar pr. ltr. af því, sem samsalan hefir selt síðustu mánuðina í mjólkurbúðunum, en kostnaðurinn á þá mjólk, sem flutt hefir verið heim til neytenda, hefir orðið 1,45 aurum meiri, eða 5,6 aurar pr. ltr. Í ofangreindum tölum er innifalinn allur kostnaður við skrifstofuhald, flutningur mjólkurinnar í búðirnar og heim, ennfremur kostnaður við söluna í mjólkurbúðunum. Telur nefndin, að líkur séu til, að þessi kostnaður geti lækkað á næstu árum niður í 3,5 auru pr. ltr. Árið 1933 er þessi sami kostnaður talinn 8—9 aur. pr. ltr. og samanlagt vinnslu- og flöskugjald 4 aur. hærra heldur en nú er. Sölu- og dreifingarkostnaður í búðum samsölnunnar er nú orðinn að meðaltali ca. 2 aur. pr. ltr., en árið 1933 var sami kostnaður 8 aur. pr. lítra.

Á liðnu ári var mjólkurframleiðendum í nágrenni Reykjavíkur greitt af samsölnunni 26 aur. pr. ltr., eða 1,5—2 aurum hærra en var árið 1933.

Á þessu tímabili hefir verð mjólkurinnar til neytenda lækkað um 2 auru pr. lítra.

Mjólkursamsalan hefir getað greitt fjarliggjandi mjólkurbúum nokkra verðuppbót á mjólkina. Ennþá liggja aðeins fyrir rekstrarreikningar frá Mjólkurbúi Flóamanna fyrir síðastliðið ár, en þeir bera það með sér, að á þessu ári hefir útborgað mjólkurverð til framleiðenda þar orðið 3—3,5 aurum hærra pr. ltr. en áður. Telja má þó líkur fyrir, að hin mjólkurbúin fái blutfallslega minni hækkun á útborguðu verði til bænda fyrir síðastliðið ár. Á þessum tveimur árum hefir mjólkurmagn það, sem aðilar samtakanna á svæðinu hafa haft til meðferðar, aukizt um ca. 2,5 millj. lítra.

Nefndin hefir talið rétt að draga hér fram í stuttu máli nauðsyn og tilgang mjólkurlaganna, framkvæmd þeirra og þá reynslu, sem þegar er fengin.

Nefndinni kom saman um að semja frumvarp til nýrra laga, en ekki fella þær breytingar, er hún vildi gera, inn í núgildandi lög. Taldi nefndin, að með því fengist skýrari niðurröðun á efni laganna.

Annars hefir nefndin ekki gert neinar meginbreytingar á efni laganna. Hún hefir tekið efnið úr „Ákvæði um stundarsakir“ upp í meginmál laganna og gert

skýrari ákvæði um það, á hvern hátt stjórn framleiðenda á samsölu skyldi fyrir komið. Hún hefir og skilgreint betur nokkur orð og hugtök og reynt að gæta þess, að sömu orð væru notuð um sömu hugtök í öllu frumvarpinu, en slíkt er tæplega í núgildandi lögum.

Um afstöðu einstakra nefndarmanna er þetta að segja: Um margar greinar frumvarpsins var litill eða enginn ágreiningur. Um aðrar greinar var talsverður skoðanamunur, en þó greiddu að lokum 5 af nefndarmönnum atkv. með frv. í heild, en Ólafur Bjarnason greiddi atkvæði á móti, og mun hann skila sérstöku álit.

Við einstakar greinar frv. er þetta að athuga:

Um 1. gr.

Í lögum nr. 1 7. jan. 1935 er talað um, að mjólkurbú verði viðurkennd til þess að selja mjólk og rjóma, en engin nánari lagaákvæði munu vera til um þessa viðurkenningu. Þótti því þurfa að setja ákvæði um, hvernig bú fengju þessa viðurkenningu eða löggildingu. Nefndin ætlast til, að sérfróðir menn verði látnir dæma um útbúnað búanna, en mjólkurmálanefnd (sbr. 17. gr. 1.) eigi að láta í ljós álit sitt um félagslega aðstöðu þeirra og afstöðu til skipulags mjólkurmála í því héraði eða með tilliti til landsins í heild. Gert er ráð fyrir því, að svipta megí bú löggildingu, ef eigi eru lengur fyrir hendi þau skilyrði, sem þurfa mundi til þess, að löggilding fengist.

Um 2. gr.

Greinin er að efni til nokkurn veginn samhljóða 1. gr. núgildandi laga. Þó er bætt við skyldu mjólkurmálanefndar að ákveða um stærð sölusvæða á verðjöfnunarsvæðum. Ákvæði um sölusvæði eru mjög óljós í lögnum, og getur það valdið ágreiningi og árekstrum.

Um 3. gr.

Greinin er því nær samhljóða 2. gr. laganna. Nokkur ágreiningur var í nefndinni um hámark verðjöfnunargjaldsins, en meiri hluti nefndarinnar féllst á að láta það standa óbreytt.

Um 4. gr.

Samhljóða 3. gr. laganna með smávægilegum orðabreytingum til skýringar.

Um 5. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 12. gr. laganna.

Um 6. gr.

Meginefni greinarinnar er sama og í 5. gr. laganna. Nokkuð fyllri ákvæði eru þó um þá mjólkurframleiðendur, sem búsettir eru innan lögsagnarumdæma kaupstaða á ákveðnum verðjöfnunarsvæðum. Er lagt til, að það sé gert að skilyrði fyrir undaþágu frá greiðslu verðjöfnunargjalds, að þeir myndi félag um að afhenda alla sölumjólk sína til viðkomandi samsölu. Erfiðleikar hafa komið í ljós við það að taka á móti mjólk frá einstökum mönnum og gera þeim reiknings-

skil, og hefir því þetta fyrirkomulag verið tekið upp við mjólkursamsöluna í Reykjavík. Félagsmyndun á einnig samkv. frv. að veita þessum aðilum heimild til að hafa hönd í bagga um stjórn samsölu (sbr. 10. og 11. gr.). Heimild til beinnar sölu frá þessum framleiðendum til neytenda er haldið eins og nú er. Voru þó ýmsir nefndarmenn þess fýsandi að afnema hana, en sætta sig við að hreyfa því ekki, til þess að forðast nýjar deilur um þetta viðkvæma atriði.

Um 7. gr.

Sjá 6. gr. nógildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 7. gr. laganna. Lagt er til, að heimilt sé að fella undan gerilsneyðingarskyldu mjólk, sem framleidd er undir sérstöku eftirliti og seld í flöskum. Er það líkt og tekið var upp í Reykjavík vegna óska neytenda um ógerilsueydda mjólk. Nefndinni dylst þó ekki, að frá heilbrigðislegu sjónarmiði er mjög vafasamt að leyfa sölu á slíkri mjólk í stórum kaupstöðum, þar sem sýking frá einu heimili gæti á þann hátt tekið mörg hundruð manns. Er því sjálfsagt að hafa strangt eftirlit með þessari framleiðslu, enda þótt við það fái ekki fullkomið öryggi.

Um 9. gr.

Þessi grein samsvarar 13. gr. laganna. Er þar bætt við því ákvæði, að setja megi í reglugerð fyrirmæli um gæði allrar mjólkur, sem seld er til neyzlu. Að visu mun vera ákvæði um þetta í heilbrigðisreglugerðum kaupstaðanna. En ástæða gæti verið til að samræma þetta í reglugerð fyrir allt landið.

Um 10. gr.

Greinin er ný. Er hún sett í því skyni, að hægt verði að koma við hagsýni og betra lagi en nú er á rekstri mjólkurbúa, og einnig til þess, að eigi risi að óþörfu upp ný bú, sem gætu spillt starfi þeirra, sem fyrir eru, eða truflað félagsstarf á svæði þeirra. Mjólkurmálanefnd á að hafa eftirlit með þessu um leið og hún gerir tillögur um löggildingu búanna. Þá eru og félagssvæði mjólkurbúanna sumstaðar mjög óljóst afmörkuð. Munu þess dæmi, að tvíbýlisbændur flytji mjólk hvor í sitt bú, og koma tveir bílar til þess að sækja mjólk á sama bæinn. Af þessu leiðir óþarfur kostnaður, sem sjálfsagt er að spara um leið og reynt er að koma betra skipulagi á mjólkursölu svæðisins. — Ákvæði 3. málsg. eiga að koma í veg fyrir, að dreififélög séu mynduð við kaupstaðinn í því skyni að fá fleiri fulltrúa til kosningar á sölustjórn, en jafnframt á hún að tryggja mjólkurframleiðendum innan kaupstaða, að þeir verði ekki lokaðir úti frá mjólkursölu með því að meina þeim aðgang að löggiltum mjólkurbúum.

Um 11. gr.

Ný grein, sem segir til um, hvernig koma skuli fyrir stjórn samsölu þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru á sama verðjöfnunarsvæði. Um þetta eru engin ákvæði í gildandi lögum; þar er aðeins í 5. gr. og ákvæði um stundarsakir gert ráð fyrir skipun stjórnar, en ekki sagt, hvernig það skuli gert. Úr þessu á grein-

in að bæta. Nefndin ætlast til, að smærri félög en þau, sem hafa 50 félagi, fá ekki rétt til fulltrúakosningar.

Um 12. gr.

Greinin er að mestu leyti ný og segir fyrir um störf sölustjórna.

Um 13. gr.

Að mestu leyti ný grein, en nokkuð af efni hennar felst í 9. gr. staflíð e. í gildandi lögum. Nefndin gerir ekki ráð fyrir, að oft þurfi að beita þessari grein, ef sanngirni er beitt af þeim, sem með sölustjórn fara, en telur hinsvegar rétt, að einstakir aðilar eigi kost þess að ná rétti sínum, ef ósanngirni væri beitt.

Um 14. gr.

Sama efni og í 5. gr. laganna. Hér er gert ráð fyrir, að ekki sitji föst verðlagsnefnd, heldur sé skipaður einskona gerðardómur um verðlagið, hvenær sem aðilar óska þess.

Um 15. gr.

Hér er dregið saman efnið úr niðurlagi 1. gr. og 11. gr. laganna.

Um 16. gr.

Skipun nefndarinnar er óbreytt að öðru leyti en því, að fulltrúaráð mjólkurframleiðenda á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar kemur í stað mjólkurbandalags Suðurlands. Sumir nefndarmenn vildu láta framleiðendur á þessu svæði tilnefna þrjá menn í nefndina. Í gildandi lögum er ákveðið, að þóknun til mjólkurmálanefndar og annar kostnaður við störf hennar greiðist úr verðjöfnunarsjóði, en réttara þykir að jafna honum niður á allt það mjólkurmagn, er skipulagningin nær til.

Um 17. gr.

Hér eru fá nýmæli frá því, sem er í 9. gr. laganna. Nokkur atriði eru tekin burt og flutt í verkefni sölustjórna. Bætt er við, að mjólkurmálanefnd skuli gera tillögur samkv. 1. gr. og 10. gr. Þá er og ætlað til, að nefndin hafi hönd í bagga með útflutningi mjólkurvara, og beint fyrirskipað, að hún leggi verð á osta og smjör, sem selt er í heildsölu innanlands.

Um 18. gr.

Samhljóða 10. gr. laganna með þeirri viðbót, að sölustjórnir hafa sama rétt til að fá skýrslur, hver á sinu svæði.

Um 19. gr.

Greinin er ný, og eru um hana allskiptar skoðanir nefndarmanna. Munu þeir gera grein fyrir þeim sérstaklega.

Um 20.--24. gr.

Sjá 14.--17. gr. gildandi laga. Að öðru leyti þarfnast greinarnar ekki skýringa.

Reykjavík, 7. marz 1936.

Jónas Kristjánsson. Jón Hannesson. Þorvaldur Ólafsson.
Sigurgr. Jónsson. Ingimar Jónsson.

Athugasemdir einstakra nefndarmanna.

Ingimar Jónsson vill gera þessar athugasemdir sérstaklega:

Hann álitur, að rétt sé að bæta við 4. gr. ákvæði um það, að verðuppbót megi aldrei nema svo hárrí upphæð, að nettóverð til framleiðenda fyrir vinnslumjólk verði hennar vegna eins hátt og nettóverð fyrir neytlumjólk á sama verðjöfnunarsvæði. Hann telur einnig rétt að tryggja það með ákvæði í lögnum, að framleiðendur, sem næst búa sölustað, gangi fyrir um sölu neytlumjólkur, en þeir, sem fjær búa, gangi fyrir um sölu skyr og rjóma.

Hann telur 12. gr. að mestu leyti óþarfa, þar sem aðalstarf sölustjórnar, sem sé dreifing og sala mjólkur, er fram tekið annarsstaðar í frv. — Sumt af þeim störfum, sem greinin felur sölustjórn, telur hann réttara, að mjólkurmálanefnd fari með, og á þar sérstaklega við 4. tölulið. Sá liður fjallar um viðkvæmt atriði, sem hætt er við, að deilt verði um, og mundi því heppilegra að láta mjólkurmálanefnd úrskurða um þau, þar sem hún er landsnefnd og ætti að vera hafin yfir hagsmunareiptog einstakra aðila á hverju svæði.

Hann telur einnig 19. gr. stórgallaða. Í hana vantar ákvæði um, hvað gera skuli við rekstrarafgang samsölu. Að visu á eftir eðli fyrirtækisins enginn afgangur að verða, þar sem aðeins er um umboðssölu að ræða. En þar sem erfitt er að áætla kostnaðinn alveg nákvæmlega, verður að ákveða útborgun fyrir innlagða mjólk, svo að vist sé, að heldur verði afgangur en að vanti til. Ef sá afgangur væri nú látinn renna óskiptur í verðjöfnunarsjóð, væri það grimuklædd hækkun á verðjöfnunargjaldinu. Með því að lækka útborgun fyrir innlagða mjólk til samsölu mætti láta þessa hækkun nema allmiklu, og þverbrjóta þannig tilgang 3. gr. frv., sem ákveður hámark gjaldsins.

Fyrir því leggur I. J. til, að 19. gr. verði svo:

„Samsölur þær, sem starfræktar eru samkvæmt lögum þessum, fara með störf sín í umboði og á ábyrgð þeirra félaga, sem að þeim standa. Verði rekstrarafgangur í árslok, þegar allur sölukostnaður hefir verið greiddur, skal þeim afgangi varið til hlutfallslegrar verðuppbótar á þá mjólk og mjólkurvörur, sem viðkomandi samsala hefir selt á árinu.“

Eigi telur I. J. heldur rétt að undanþiggja samsölur útsvarsskyldu. Að visu verður verzlun þeirra með mjólk og mjólkurvörur líkust samvinnufélagsskap og ætti því lítið útsvar að bera. En víðast myndu þær verzla með aðrar vörur, svo sem brauð og brauðvörur, og ættu að greiða útsvar af þeirri verzlun.

Loks vill I. J. benda á, að ekki hefir verið tekið upp í frv. ákvæði 14. gr. núgildandi laga um heimild fyrir ráðherra til að ákveða í reglugerð um sérstöðu

kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki. Telur hann rétt, að svipað ákvæði verði tekið upp í 20. gr. frv., þar sem kaupstaðir koma upp kúabúum til þess að bæta úr mjólkurskortum, getur verið nauðsynlegt að ætla þeim búum sérstöðu.

Sigurgrimur Jónsson vill taka fram, að hann telur réttara, að tilnefning fulltrúaráðs mjólkurframleiðenda á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar í mjólkurmálanefnd samkv. 16. gr. fari fram með þeim hætti, að fulltrúar mjólkurbús Flóamanna, mjólkurbús Ólfusínga og mjólkursamlags Borgfirðinga tilnefni annan, en fulltrúar mjólkurfélags Reykjavíkur, nautgripaæktarfélag Reykjavíkur og mjólkurbús Hafnfirðinga tilnefni hinn. Er þetta hliðstætt því, sem nú er í 8. gr. laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma.

Um 19. gr. vill Sigurgr. Jónsson enn fremur taka fram, að hann telur, að samsölu mjólkur eigi að vera með öllu skatt- og útsvarsfrjálsar, enda skipti þær rekstrarafgangi milli mjólkurframleiðenda. --- Hér er eingöngu um umboðssölu að ræða, jafnt á mjólk, mjólkurvörum sem öðrum vörum. Samsölurnar, eins og löggin gera ráð fyrir, koma aldrei til með að eignast neitt eða mynda neina sjóði. Framleiðendur og eigendur vörunnar greiða sjálfir skatta og útsvör, og væri því hér um tvöfalda skattgreiðslu að ræða, ef samsölurnar yrðu skattlagðar.

Að síðustu vill Sigurgrimur Jónsson taka fram, að frumvarpið, eins og það birtist hér, byggir að fullu á samvinnu bænda og skilningi þeirra á eðli málsins. Nú hefir Ólafur Bjarnason með því að kljúfa nefndina torveldað þessa samvinnu, og þegar þar við bætast æsingafundir með ákvörðunum um „refsiaðgerðir“, samanber fundinn á Brúarlandi 5. þ. m., og að málið er í eðli sínu deilumál að því er snertir verðhlutföllin milli framleiðslusvæðanna, þá telur hann mjög vafasamt, hvort rétt er að breyta núverandi mjólkurlögum að svo stöddu.“